

ÁHERSLUVERKEFNI 2016



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

Verkefni 1 - Svæðisleiðsögn á Norðurlandi vestra

Markmiðið er að styrkja einn af grunnþáttum ferðapjónustunnar með því að fjölga svæðisleiðsögumönnum á Norðurlandi vestra. Boðið verður upp á námskeið í svæðisleiðsögn í samvinnu við Farskólann.

Verkefni 2 – Kortlagning skapandi greina

Markmiðið er að taka saman yfirlit um umfang skapandi greina og menningarlífs á Norðurlandi vestra. Með þessari samantekt er lagður grunnur að upplýsingabanka sem bæði nýtist heimamönnum og þeim sem vilja koma hingað eða tengjast landshlutanum.

Verkefni 3 – Aukið samstarf listamanna/listamiðstöðva og fræðslustofnana á Norðurlandi vestra

Markmiðið er að efla (menningar-) og listmenntun í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi vestra með samstarfi listamanna, listamiðstöðva og skólanna á svæðinu.

Verkefni 4 – Listaskóli unga fólksins

Markmið verkefnisins er að leggja grunn / kanna grundvöll að sumarskóla í listum og skapandi greinum fyrir börn og unglunga á Norðurlandi vestra.

Verkefni 5 – Raunvísindaskólinn

Markmið verkefnisins er tvíþætt, í fyrsta lagi að kynna börnum og unglingum á Norðurlandi vestra þau tækifæri sem eru í boði í raunvísindum og þau fyrirtæki/skóla sem starfa á þessu sviði. Í öðru lagi að efla þekkingu og færni barna og unglunga með virkri þátttöku, m.a. í formi skipulagðrar dagskrár hjá fyrirtækjum í greininni.

Verkefni 6 - Íbúakönnun á Norðurlandi vestra

Markmið íbúakönnunar er að taka saman viðhorf íbúa landshlutans til þeirra þátta sem m.a. hafa áhrif á val á búsetu þeirra. Niðurstöðurnar munu nýtast við áframhaldandi stefnumörkun opinberra aðila í búsetumálum á Norðurlandi vestra og við framkvæmd Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.